



Áætlun Vestmannaeyjahafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Vestmannaeyjahöfn fylgir samþykktri umhverfisstefnu og er skilvirk og ábyrg móttaka á úrgangi frá skipum einn þeirra þátta sem áhersla er lögð á. Áætlun þessi gildir í samræmi við reglugerð nr. 1200 frá 2014, með síðari breytingum, um öll íslensk skip og um öll önnur skip sem koma til hafnar hjá Vestmannaeyjahöfn, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

Grundvöllur áætlunarinnar eru lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004, með síðari breytingum, reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur) Einnig er byggt á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55 frá 2003 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 1200 frá 2014, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang með síðari breytingum. Einnig reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

1. Vestmannaeyjahöfn er ein stærsta fiskihöfn landsins og er landað um 150.000 tonnum af fiski hér árlega. Mikill útflutningur er frá höfninni og eru bæði Eimskip og Samskip með starfsstöðvar hér og koma gámaskip frá þeim hér við vikulega. Mikil aukning hefur verið í komu farþegaskipa undanfarin ár og eru pantaðar 90 komur hingað nú í sumar, skipakomur í Vestmannaeyjahöfn eru um 250 árlega og hefur það haldist tiltölulega stöðugt undanfarin ár. Lítil innflutningur er um höfnina er þó koma hingað skip með olíu og salt og eitthvað af vörum koma með gámaskipunum einnig gengur Vestmannaeyjaferjan daglega nokkrar ferðir milli lands og Eyja með vörur og farþega.
2. Vestmannaeyjahöfn felur þjónustuaðilum að sjá um móttöku á úrgangi frá skipum sbr. 4. grein reglugerðar um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum nr. 1200/2014. Samráð skal haft við notendur hafna og þjónustuaðila um fyrirkomulag móttöku úrgangs og farmleifa. Engin formeðferð fer fram hjá Vestmannaeyjahöfn heldur skulu úrgangur og farmleifar fluttar á starfssvæði viðkomandi þjónustuaðila til frekari meðhöndlunar ef þörf er á. Starfssvæði Kubbs ehf. og viðurkennd móttökustöð er við Eldfellsveg, 1200 metra frá Bæjarbryggju.
3. Þjónustuaðili tekur við beiðnum skipstjóra um móttöku á úrgangi og gerir viðeigandi ráðstafandir um móttöku þess og förgun, enda hafi ósk um þessa þjónustu verið komið á framfæri með 24 klukkustunda fyrirvara. Samhvæmt 10. grein reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum er tekið gjald fyrir þjónustu þessa nemur þeim kostnaði sem móttaka úrgangsins og förgun hefur í för með sér
https://www.vestmannaeyjar.is/media/gjaldskrar-baejarins/gjaldskra_vegna_urgangs_og_farmleifa_2015.pdf



4. Skip í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu hjá Vestmannaeyjahöfn, eru undanþegin skuldbindingum um tilkynningar, skil og gjalddöku enda sé fyrir hendi hjá eigendum, umboðsmönnum eða rekstraraðilum skips fyrirkomulag sem tryggir afhendingu úrgangs. Þessir aðilar skulu afhenda Vestmannaeyjahöfn í júní og janúar ár hvert upplýsingar um magn úrgangs sem tekið hefur verið á land hjá Vestmannaeyjahöfn og með hvaða hætti staðið hefur verið að förgun þess.
5. Umboðsmenn skipa sem falla ekki undir 3. tl. skulu ábyrgjast að viðkomandi skip skili úrgangi til viðurkenndrar móttökustöðvar og sjá til þess að upplýsingar um magn úrgangs sem tekið hefur verið á land skili sér til Vestmannaeyjahafnar eigi síðar en við brottför skips. Verndarfulltrúi hafnarinnar móttækur SafeSeaNet tilkynningu og athugar hvort tilkynningin sé rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).
6. Skipstjóri annarra skipa en getið er um í 3. og 4. tl. ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipinu sé skilað í móttökuaðstöðu þjónustuaðila áður en látið er út höfn og að upplýsingar um magn móttækis úrgangs sé skilað til Vestmannaeyjahafnar.
7. Móttaka sorps frá skútum og öðrum skemmtibátum sem eru gestkomandi í Vestmannaeyjahöfn er við hafnarskrifstofuna á Básaskersbryggju. Þar er staðsettur læstur gámur sem hafnarstarfsmenn hafa lykil að og munu þeir þjónusta þessa aðila eftir þörfum. Förgun sorps skal vera á hendi viðurkennds þjónustuaðila.
8. Olíuúrgang og hættulegum efnum skulu öll skip undantekningarlaust skila til viðurkennds móttökuaðila og ber skipstjóri skipst ábyrgð á því að svo sé gert. Ef um mikið magn er að ræða skal skipstjóri óska eftir aðstoð viðurkenndra olíudreifingaraðila.
9. Hafnarverðir leiðbeina skipstjórum um þá þjónustu sem óskað er eftir og eru upplýsingar veittar í síma 488-2540 eða í vaksíma 893-0027. Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar í skipum, sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til starfsmanna Vestmannaeyjahafnar.
10. Þjónusta við skip og útgerðir er í höndum hafnarstarfsmanna eftir því sem við á, en annars í höndum eigenda skipa og farmflytjenda.
11. Eftirtaldir þjónustuaðilar hafa leyfi fyrir móttöku á úrgangi á starfssvæði Vestmannaeyjahafnar.:



Kubbur ehf, Sindragötu 27, Ísafirði	sími 456-4166
Fura ehf, Hraunhelli 3, Hafnarfirði	sími 565-3557
Hringrás, Klettagörðum 9, Reykjavík	sími 550-1900
Íslenska gámafélagið, Gufunesvegi, Reykjavík	sími 577-5757
Olíudreifing ehf, Hólmaslóð 8-10, Reykjavík	sími 550-9900
Skeljungur hf, Borgartúni 26, Reykjavík	sími 444-3000

12. Úrgangi er skipt upp í fimm meginflokka. Úrgangsflokkar eru byggðir á þeim flokkum sem skilgreindir eru í viðauka MARPOL-samningsins. Flokkunin, aðferðir við móttöku, ráðstöfun og fyrirkomulag greiðslna koma fram í sérstöku fylgiblaði – Úrgangsflokkar.

13. Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið hofnin@vestmannaeyjar.is eða umhverfissvid@vestmannaeyjar.is Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er. Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunna:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

14. Áætlun magn úrgangs sem skilað er frá skipum í Vestmannaeyjahöfn er unnin frá reynslu fyrri árs en upplýsingar um móttekið magn sækir Vestmannaeyjahöfn hjá móttökuaðilum sem eru olíufélögin Skeljungur, N1, Olíudreifing og svo sorpmóttökustöðin Kubbur ehf. Olíufélögin hafa sameinast um að hafa einn tankbíl staðsettan hér í Vestmannaeyjum til að taka á móti úrgangsolíu, einnig getur höfnin haft milligöngu um að útvega skipum gáma til móttöku sorps frá Kubbur ehf.

Ef skip vill losa sorp við komu til hafnar, hefur skipstjóri samband við umboðsmann sinn eða hafnaryfirvöld sem pantar þá gám hjá móttökustöðinni fyrir skipið og kemur með hann að skipshlið, eftir losun er farið með gáminn í móttökustöðina. Skráning á magni úrgangs frá skipum fer svo fram í sorpmóttökustöð bæjarins sem rekin er af Kubbur ehf.

Nú er verið að taka upp, PortMaster, skráningarkerfi fyrir hafnir frá Klöppum sem verður komin í gagn við um áramót, mun móttökuaætlunin verða þá uppfærð í samræmi við það.

Erfitt getur verið að áætla magn spilliefna sem koma í land hér af bátum, hér eru tvær stórar útgerðir sem sjá um að skila sorpi frá bátum sínum í móttökustöð. Vandinn liggur helst í að rafgeymum og öðrum spilliefnum er safnað saman hjá fyrirtækjunum og svo skilað, lenda því spilliefni t.d. rafgeymar með ónýtum rafgeymum af lyfturum og öðru.

Mjög lítið er um að sorp sé sett í land hér af fraktskipum þar sem gjaldskrá er hærrí hér af landfæðilegum ástæðum og ekki hafa komið spilliefni frá skipunum hingað til.



Í þessari áætlun eru spilliefni tekin með öðru þar sem um óverulegt magn er að ræða. Áætlað magn móttækis úrgangs er eftirfarandi.

Tegund	Magn úrgangs (áætlun) m ³
1. Olíuúrgangur	
Olíumengaður austur frá vélarrúmi	200
Kjölvatn,	20
2. Sorp	
Matarúrgangur	20
Endurvinnsluefni	5
Annað	5
3. Farmtengdur úrgangur (1)	1
4. Farmleifar (1)	5
(1) Um mat getur verið að ræða.	

- Eyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar vestmannaeyjar.is, undir stjórnsýsla - eyðublöð. Þeim verður hægt að skila rafrænt á netfangið hofnin@vestmannaeyjar.is
- Forstöðumaður Vestmannaeyjahafnar ber ábyrgð á fyrirkomulagi móttöku úrgangs og farmleifa hjá Vestmannaeyjahöfn. Starfsmenn hafnarþjónustu annast samskipti við skipstjóra og eigendur eða umboðsmenn skipa.
- Áætlunin tekur gildi 1. janúar 2020

Ólafur Þór Snorrason, hafnarstjóri



Vestmannaeyjahöfn



Gámur vegna móttöku sorps af smábátum, staðsettur við hafnarskrifstofu.



Móttökustöð sorps við Eldfellsveg (gámasvæði)



FORM FOR REPORTING ALLEGED INADEQUACY OF RECEPTION FACILITIES FOR WASTE

The master of a ship having difficulties discharging waste to reception facilities should forward the information below, together with supporting documentation, to the competent authority of the Flag State.

1. Country:

Name of Port Area:

Location in the port (e.g. berth/terminal/jetty):

Date of Call:

2. Amount of waste for discharge to facility: _____ m

Amount of waste not accepted by facility: Above/other
m

3. Special problems encountered:

Undue delay

Inconvenient locality of facilities

Use of facility not technically possible

Other

4. Remarks: (e.g. information received from port authorities or operators of reception facilities:

reasons given concerning 2 above)

5. Ship's particulars Name of ship:

Distinctive number or letters:

Port of registry:

Owner or operator:

Number of persons on board:



Vestmannaeyjahöfn

Við höfum mótttekið frá / We have received from:

Skip/Ship:.....: _____

Móttökustaður / Name and port....: _____

Skrán.nr. / Reg.nr.....: _____

Eftirfarandi tegund úrgangs / The following type of waste:

Heimilissorp / Household waste..: _____

Iðnaðarsorp / Industrial waste....: _____

Spilliefni / Hazardous waste.....: _____

Við staðfestum hér með að hafa mótttekið og flutt ofangreint sorp til réttrar meðhöndlunar.

We hereby certify that we have received the above mentioned waste and brought it to an appropriate treatment.

Staðfesting / confirmed

Nafn / Name

Dags. / Date

Frumrit til skipstjóra / original for Master

Afrit til Vestmannaeyjahafnar / copy for Vestmannaeyjahöfn



Tegund	Úrgangur sem afhenda á m ³	Hámarks-geymslurýmud m ³	Magn úrgangs sem verður eftir um borð m ³	Höfnin þar sem afhenda á afgangsurgang	Áætlað magn úrgangs sem verður til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar m ³
1. Olíuúrgangur					
Olíumengaður austur frá vélarrúmi					
Kjölvatn,					
Annað (tilgreinið)					
2. Sorp					
Matarúrgangur					
Plast					
Annað					
3. Farmtengdur úrgangur (1) (tilgreinið)					
4. Farmleifar (1) (tilgreinið)					
(1) Um mat getur verið að ræða.					

Athugasemdir:

1. Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnarríkiseftirlits og annars eftirlits.
2. Fylla ber út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið falli undir undanþágu í samræmi við 9. gr. reglugerðar þessarar.

Undirritaður staðfestir að framangreindar upplýsingar eru nákvæmar og réttar og að nægilegt sérhæft geymslurými er um borð í skipinu fyrir allan þann úrgang sem kann að verða til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu afhendingarhafnar.

Dags:

Tími:.....

Undirskrift skipstjóra: